

1864.

20. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmannanna á Íslandi, um fangamark konungs.

Dómsmálastjórnin sendir yður hérmeð, herra (tit.), nokkur prentuð exemplör af auglýsing, sem út kom 17. nóvemberm. f. á. frá ráðherraforsetanum um fangamark konungs.

Auglýsing

um fangamark konungs.

Hans hátign konungurinn hefir með allrahæstum úrskurði 16. þ. m. skipað svo fyrir, að hið konunglega fangamark, ávallt þegar það þarf við að hafa, skuli lagað eptir uppdrætti þeim, er hér stendur:



Þetta er hérmeð gjört heyrum kunnugt.

Ráðherraforsetastjórnin, 17. dag nóvemberm. 1863.

C. Hall.

20. febrúar.

12. Bréfdómsmálastjórnarinnar til stiptamtannusins yfir Íslandi, um viðbót eptir kornverði af borgun fyrir þýðing á dómsgjörningum.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 26. nóvemberm. f. á., barst stjórnarráðinu skjal nokkurt frá Jóni Péturssyni, fyrsta meðdómanda í hinum íslenska landsyfirrétti; í því biður hann um, að sèr fyrir yfirstandandi fjárhagsár og svo eptirleidis verði veitt viðbót eptir kornverði af þeim 250 ríkisdöllum, sem hann fær úr hinum íslenska dómsmálasjóði fyrir það, að hann þýðir á danska tungu réttargjörninga í opinberum málum og gjafsóknarmálum, sem skotið er til hæstaréttar. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni yfirdómara Péturssyni, að þareð ekki ber að álíta fè það, sem hér er um rætt, sem part af launum hans, heldur þóknun